



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓN HEIMSÆKJA SEYÐISFJÖRÐ

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda til Egilsstaða síðar í dag, fimmtudaginn 4. febrúar, og heimsækja Seyðisfjörð á morgun, föstudaginn 5. febrúar. Á Egilsstöðum munu forsetahjón hitta fulltrúa þeirra mörgu sem unnu í fjöldahjálparstöðinni í Egilsstaðaskóla sem komið var á laggir í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði þegar margir íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín.

Að morgni föstudagsins 5. febrúar liggur leiðin til Seyðisfjarðar þar sem forsetahjón munu fyrst hitta nemendur, kennara og starfsfólk í Seyðisfjarðarskóla. Í kjölfarið fá þau leiðsögn um aðstæður á skriðusvæðinu og kynna sér stöð sem sett hefur verið upp til að hreinsa muni úr Tækniminjasafni Austurlands á Seyðisfirði sem varð illa úti í skriðunum (<http://www.tekmus.is/>). Þá munu forsetahjón heimsækja Björgunarsveitina Ísólf og ræða við fulltrúa frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Rauða krossinum.

Forsetahjón halda heimleiðis síðdegis föstudaginn 5. febrúar.

4. febrúar 2021

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).